

	Kafli	Nr.
142		
9. júní — — soyabaunum	—	9
— annað	—	10
Melassefóður	—	11
Blöndur úr korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður	—	12
Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu sem skepnufóður, ót. a.	—	13
Chilesaltpétur	35	1
Kalksaltpétur	—	2
Kalkammonsaltpétur	—	3
Kaliáburður	—	4
Superfosfat	—	5
Nítrófoska	—	6
Tröllamjöl	—	7
Thomasfosfat	—	8
Áburður, sem vegur minna en 5 kg, með söluumbúðum	—	9
Annar áburður, ót. a.	—	10

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

143

10. júní

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið mega börn yngri en 14 ára ekki vera á almanna-færi seinna en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 15. maí og ekki seinna en kl. 10 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 10. júní 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.